

IÐAN
fræðslusetur

2023–2024

.: Ársskýrsla

.: Efnisyfirlit

03 .: **Lykiltölfræði Iðunnar**

04 .: **Inngangur framkvæmdastjóra**

05 .: **Ágrip stjórnarformanns**

06 .: **Um Iðuna**

- Stjórn og mannauður Iðunnar
- Gildi Iðunnar
- Sjálfbærnistefna Iðunnar

..

10 .: **Fræðslustarf Iðunnar**


- Námskeið og fræðsla
- Bransadagar
- Alþjóðlegt fræðslustarf
- Fyrirtækjaþjónusta
- Samstarf og stórir viðburðir

17 .: **Þjónusta Iðunnar**

- Náms- og starfsráðgjöf
- Sveinspróf
- Raunfærnimat

18 .: **Myndir úr starfi Iðunnar**

∴ Lykiltölfræði

 485
námskeið
17% aukning


 19
hlaðvörp

 20
vefnámskeið

 24
Íslenskir iðnnemar fengu styrk
til náms eða þjálfunar

 152
fyrirtækjaheimsóknir

 846
nemendur stóðust
sveinspróf

 4.230
þátttakendur
6% aukning

 38
fræðslumyndskeið

 74
ný námskeið

 27
iðnnemar komu til landsins
til náms eða þjálfunar

 151
umsókn um fræðslustyrki
að upphæð 7.600.696 kr.


 1.184.572 kr.
var eigið fé lðunnar í
lok starfsárs

.: Inngangur framkvæmdastjóra

Í byrjun september 2024 tók ég við góðu búi og bæði spennandi og mikilvægum verkefnum þegar ég tók við starfi framkvæmdastjóra Iðunnar fræðsluseturs. Á liðnu starfsári hefur verið unnið viðamikið starf hjá félaginu. Tekjur hafa vaxið milli ára og fjöldi námskeiða og þátttakenda hefur aldrei verið meiri.

Iðan hefur staðið fyrir og komið að stórum viðburðum og erlendu samstarfi og rík áhersla verið lögð á nýsköpun og sjálfbærni í starfinu. Það er verðugt verkefni að stuðla áfram að því að Iðan fræðslusetur bjóði upp á framúrskarandi þjónustu sem þróast í takt við tímann og þarfir hagaðila, að ábyrgri nýtingu fjármuna, heilbrigðum rekstri og góðum vinnustað.

Ég er þakklát fyrir tækifærið og hlakka til samstarfsins við starfsfólk, stjórn, nemendur og aðra samstarfs- og hagaðila Iðunnar fræðsluseturs.



Vilborg Helga Harðardóttir



.: Ávarp stjórnarformanns

Iðan stendur á tímamótum eftir talsverðar skipulagsbreytingar og samkomulag um starfslok Hildar Elínar Vignir framkvæmdastjóra í lok mars síðastliðins eftir 18 ára farsælt starf. Hildur hóf störf við stofnun Iðunnar árið 2006 og leiddi félagið við uppbyggingu og mótun starfseminnar með röggömum hætti. Eigendur og starfsfólk þakka Hildi Elínu fyrir góð kynni og ánægjulegt samstarf á liðnum árum.

Staða framkvæmdastjóra var auglýst í samstarfi við Hagvang ráðningarþjónustu og bárust fjölmargar áhugaverðar umsóknir. Eftir vandað ráðningarferli ákvað stjórn Iðunnar að ráða **Vilborgu Helgu Harðardóttur** í starf framkvæmdastjóra og hefur hún nú hafið störf. Ég vil fyrir hönd stjórnar og starfsfólks bjóða Vilborgu Helgu hjartanlega velkomna og óska henni velfarnaðar í starfi.

.: Félagsmaðurinn í forgrunni

Við þekkjum félagsfólk okkar og stuðlum að aukinni færni þess í lífi og starfi.

.: Sjálfbærni

Iðan hefur sjálfbærni hugsun að leiðarljósi í allri þekkingarmiðlun og þjónustuframboði.

.: Samvinna

Iðan vinnur sem ein heild í nánu samstarfi við félagsmenn og iðnaðinn.

.: Nýsköpun og tækni

Starf Iðunnar einkennist af frjóu nýsköpunar- og tækniumhverfi. Starf stjórnar á árinu fólst að miklu leyti í að innleiða breytt skipurit Iðunnar, fylgja eftir áður nefndum stefnumálum og síðast en ekki síst, standa fyrir ráðningu nýs framkvæmdastjóra. Ég vil þakka samstarfsfólki mínu í stjórn fyrir farsælt starf í þágu Iðunnar, þakka því stjórnarfólki sem nú fer úr stjórn fyrir gott og ánægjulegt samstarf og býð nýja aðila í stjórn og varastjórn velkomna í hópinn. Og að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar þakka starfsfólki fyrir vel unnin störf og samstarfið á árinu.


Georg Páll Skúlason



.: Um iðuna fræðslusetur

Iðan sinnir símenntun starfsmanna í bílgreinum, bygginga- og mannvirkjagreinum, málm- og véltæknigreinum, prent- og miðlunar- greinum og matvæla- og veitingagreinum. Hlutverk Iðunnar er að sjá fyrir tækjum og einstaklingum fyrir nýrri þekkingu og færni eftir þörfum og aðstæðum á hverjum tíma. Í fjölbreyttu fræðslustarfi Iðunnar er áhersla á stuðning við starfsþróun félagsfólks og framþróun íslensks iðnaðar.

.: Stjórn og mannaúður

Stjórn Iðunnar skipa: Georg Páll Skúlason formaður, Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir varaformaður, Óskar Hafnfjörð Gunnarsson, Eyjólfur Bjarnason, Halldór Arnar Guðmundsson, Jóhanna Klara Stefánsdóttir, Hilmar Harðarson, Gunnar Valur Sveinsson, Jón Bjarni Jónsson og Egill Jóhannsson (sem lét af störfum í apríl og María Jóna Magnúsdóttir varamaður tók sæti hans í stjórn). Svanur Karl Grjetarsson er áheyrnarfulltrúi og varamaður. Stjórn Iðunnar fundaði 11 sinnum með formlegum hætti og átti nokkra óformlegri fundi. Stjórnarteymi Iðunnar skipuðu þau Georg Páll, Hulda Birna, Eyjólfur og Óskar auk framkvæmdastjóra Hildar Elínar Vignir og Brynja Blomsterberg fjármálastjóra en teymið fundaði níu sinnum á starfsárinu.

Eigið fé Iðunnar var í lok starfsársins **1.184.572 kr.**

.: Gildi

Iðan fræðslusetur er í fararbroddi í símenntun iðngreina, með fræðslu, miðlun og þjónustu sem stuðlar að framþróun í iðnaði.

.: Framsækni

Við erum í fararbroddi og höfum metnað til að tileinka okkur nýjungar. Víðsýni okkar og viðhorf endurspeglar áhuga á að nýta og miðla þekkingu hvert annars.

.: Virðing

Við styðjum við jafnrétti til náms og gætum trúnaðar í okkar störfum. Viðhorf okkar til hagsmunaaðila, verkefna, samstarfsfólks og samfélagsins einkennist af virðingu, jákvæðni, fordómaleysi og heiðarleika.

.: Fagmennska

Við eflum þekkingu okkar og færni af fagmennsku. Jákvæð upplifun viðskiptavina skiptir okkur meginmáli og þar berum við ábyrgð á að hafa jákvætt viðhorf að leiðarljósi.

∴ Mannauður

Mannauðsstefna lðunnar fræðsluseturs er í meginatriðum: Að ráða, efla og halda í hæft starfsfólk. lðan hefur sett sér geðheilsustefnu til að hlúa að og stuðla að geðheilbrigði starfsfólksins. Á starfsárinu fékk lðan fræðslusetur jafnlaunastaðfestingu sem er staðfesting Jafnréttisstofu á því að lögð hafi verið fram gögn sem sýna fram á að launakerfi fyrirtækisins og framkvæmd þess mismuni ekki í launum á grundvelli kyns.


Fjöldi starfsfólks **26**

Endurmenntun starfsfólks **1.886 klst.**

Hlutfall starfsmannaveltu **11%**

∴ Starfsánægja

Á heildina litið er ég **ánægð/ur/t** í starfi mínu hjá lðunni.



∴ Svarhlutfall 100%

Könnun: Maskína. Mars 2024.

∴ Sjálfbærnistefna Iðunnar

Í stefnu Iðunnar um sjálfbærni segir að Iðan skuli hafa sjálfbærnihugsun að leiðarljósi í allri þekkingarmiðlun og þjónustuframboði.

Til að styðja við stefnuna hefur sjálfbærniráð Iðunnar og starfsfólk valið fjögur markmið af sautján heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Heimsmarkmiðin voru skoðuð í samhengi við starfsemi Iðunnar og munu ráða ferðinni í sjálfbærnivægferð fyrirtækisins.

∴ 4. Heimsmarkmið

- Menntun fyrir alla félagsmenn
- Efla sjálfbærnivitund hjá félagsmönnum Iðunnar með markvissum og mælanlegum aðgerðum
- Fjölga nemendum í iðn-, verk- og tækninámi
- Stuðla að fjölbreyttari leiðum í iðnnámi fullorðinna

∴ 5. Heimsmarkmið

- Áhersla á jafnrétti kynja í öllu náms- og þjónustuframboði
- Vinna að jafnara kynjahlutfalli í öllum iðngreinum
- Vekja athygli á vinnuframboði iðngreina óháð kynjum
- Greina og setja mælanleg markmið fyrir sókn kynja í fræðslu fyrir ólíkar atvinnugreinar

∴ 8. Heimsmarkmið

- Stuðla að aukinni samkeppnishæfni fyrirtækja og félagsmanna Iðunnar
- Auka framleiðni í sátt við umhverfi og samfélag
- Efla þjónustuframboð í ráðgjöf og fræðslu um sjálfbærni

∴ 12. Heimsmarkmið

- Veita fræðslu og ráðgjöf um ábyrga neyslu og framleiðslu
- Móta og innleiða sjálfbærnistefnu Iðunnar
- Efla fræðslu um sjálfbærni í íslenskum iðnaði



.: Fræðslustarf

.: Námskeið og fræðsla

Fræðslustarf ársins var fjölbreytt og lifandi. Á starfsárinu voru haldin **485** námskeið en þau voru **416** á fyrra starfsári. Þátttakendur á námskeiðum voru **4.230** talsins en **3.983** á fyrra starfsári. Námskeiðum fjölgaði því um **17%** og þátttakendum um **6%**. Ríkur þáttur fræðslustarfsins felst í lifandi fræðslu, svo sem hlaðvörpum og myndskaiðum. Á liðnu starfsári voru tekin upp **19** hlaðvörp og **38** fræðslumyndskaið. **20** vefnámskeið voru í boði á starfsárinu og eru þátttakendur þeirra nú orðnir **241**. Ný námskeið voru **74** og haldin í fyrsta skipti á haustönn 2023 eða vorönn 2024. Sterk áhersla var lögð á nýsköpun og lagður grunnur að því að byggja upp frjótt nýsköpunar- og tækniumhverfi innan Iðunnar. Leiðtogar iðngreinanna vinna saman sem ein heild að þróun þekkingar og verkefnum sem tengjast sjálfbærni og nýsköpun.

.: Bransadagar

Í maí voru haldnir „**Bransadagar Iðunnar**“ þar sem þemað var nýsköpun í iðnaði. Hátt í þrjátíu fyrirlesarar tóku þátt í yfir **20** fræðsluviðburðum. Í kennslusal Iðunnar var hægt að kynnast nýjustu tækni og tólum í okkar greinum auk þess sem kaffistofunni var breytt í veitingastað.

Fræðsluviðburðurinn var sá stærsti sem hefur verið haldinn á vegum Iðunnar, **19** fyrirlestrar voru teknir upp og hefur starfsfólk aðgang að þeim á síðunni bransadagar.is.

.: Nýsköpunarverkefni

Á Bransadögum var meðal annars kynnt verkefnið „**Blómlegt iðnaðarhverfi**“. Verkefnið hefur að langtímamarkmiði að bæta loft- og lífsgæði þeirra sem búa og starfa við Vatnagarða í samstarfi við skrudgarðyrkjumeistara frá Garðyrkjuskólanum.

Í maí var gróðursettur trjágróður og blóm sem eru í jafnvægi við lífríki og gróður sem þekktist á svæðinu. Kjarni verkefnisins felst í samfélag-slegri nýsköpun með áherslu á ábyrgð og sjálfbærni. Fyrirtæki í iðnaði þurfa að átta sig á nábyli sínu við íbúa borgarinnar og leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að umhverfisvænni borg. Markmiðið með verkefninu er einnig að byggja upp fræðslu til framkvæmdaáðila í bygginga- og mannvirkjagerð um vistvænar áherslur og gróður í borgarlandinu og hvernig megi nýta lífrænan úrgang sem fellur til við rekstur, svo sem úr mótuneytum fyrirtækja.

Verkefninu „**Loftþéttleikamælingar húsa**“ sem styrkt var af Aski – mannvirkjarannsóknasjóði lauk á árinu með því að sett var upp tilraunahús á lóð lðunnar þar sem fram fer hluti námskeiða um loftþéttleikamælingar. Verkefnið var kynnt á lðnaðarsýningunni sem haldin var í Laugar- dalshöll í byrjun september 2023.

Vinnuhópur um Öryggisskóli iðnaðarins sem í sátu fulltrúar lðunnar, Rafmenntar og Vinnueftirlitsins skilaði tillögum til stjórna þessara aðila þar sem lagt var til að stofnaður yrði öryggisskóli byggingariðnaðarins.

.: **Nýr vefur í smíðum**

Á starfsárinu hófst vinna við nýjan vef lðunnar fræðsluseturs sem mun stórbæta aðgengi félagsfólks að fræðslu og þjónustu. Haldið var útboð um framkvæmdina og var fyrirtækið Overcast valið til að hanna og smíða nýja vefsíðu og fræðsluumsjónarkerfi.

.: **Alþjóðlegt fræðslustarf**

lðan fræðslusetur tekur virkan þátt í alþjóðlegu fræðslustarfi og framþróun þekkingar í löggiltum iðngreinum.

Á starfsárinu hófst vinna við **MCEU Hospitality - Upskilling the EU Hospitality Industry with Portable Micro-Credentials** í samvinnu við átta aðila, þar á meðal Samtök ferðaþjónustunnar. Verkefnið er fjármagnað af Evrópusambandinu. **MCEU** verkefnið snýst um þróun öreininga (micro-credentials) í símenntun og hvernig er hægt að styrkja gildi þeirra. Sannvottaðar viðurkenningar auka hreyfanleika vinnuafls og draga úr fölsunum. Í verkefninu er unnið með trausta gagnamiðlun og bálkakeðjutækni nýtt til að deila gögnunum á öruggan hátt á milli yfirvalda innan ESB.

Á starfsárinu lauk vinna við stórt alþjóðlegt verkefni, **EQAMOB**. Í verkefninu var fjallað um stafræna umbreytingu gæðaviðurkenninga fyrir framúrskarandi fyrirtæki sem standa að náms- og starfsmanna- skiptum.




Samfjármagnað af Evrópusambandinu


.: **Inga Birna Antonsdóttir** verkefnastjóri og **Helen Gray** leiðtogi alþjóðasviðs taka við gæðaviðurkenningu fyrir Erasmus+.



.. Til baka .. Efnisyfirlit .. Áfram



∴ Þátttakendur á námskeiðum



∴ Fjöldi haldinna námskeiða

.: Erasmus+ áætlunin

Iðan tekur þátt í **Erasmus+ áætluninni** og styður við iðnnema, fagfólk og fyrirtæki í löggiltum iðngreinum vegna náms og þjálfunar í Evrópu. Á liðnu starfsári var sótt um **56 milljónir kr.** í náms- og starfsmanna-styrki. Hluti styrkjanna rann til þátttakenda í **Euroskills-keppninni** sem fór fram í Gdansk í september 2023.

.: Námsferðir iðnnema og nýsveina

24 nemendur fengu styrk til náms eða þjálfunar í samtals **744** daga á liðnu starfsári.

.: Námsferðir leiðbeinenda, nefnda og starfsfólks

41 fékk styrk til þjálfunar í samtals **197** daga á liðnu starfsári.

.: Móttaka iðnnema til Íslands

27 iðnnemar fengu styrk til náms frá sínu heimalandi í gegnum **Erasmus+** áætlunina og störfuðu í samtals **461** dag á liðnu starfsári.

.: Móttaka fagfólks, kennara og annarra sérfræðinga til Íslands

20 sérfræðingar fengu styrk til að koma til landsins í samtals **63** daga.

.: Fyrirtækjaþjónusta / Fyrirtækjaheimsóknir

Fyrirtækjaþjónustan hefur skapað sér ákveðinn sess hjá Iðunni. Í henni felst að leiðtogar greinanna heimsækja fyrirtæki á sínu sviði. Í heimsóknunum er meðal annars farið yfir námsframboð Iðunnar, boðið upp á sérsniðin námskeið, mögu- leikar sem bjóðast með „**Fræðslustjóra að láni**“ eru kynntir og fjallað um raunfærnimat.

Skráðar eru í hugmyndabanka tillögur að nýjum námskeiðum sem koma frá starfsfólki og stjórnendum og reynt að koma til móts við slíkar óskir. Þá hafa heimsóknir verið nýttar til að miðla þekkingu og reynslu fyrirtækja til annarra í sama iðnaði með því að taka upp hlaðvörp og fræðslumyndskaið.

Á liðnu starfsári fóru leiðtogar greinanna samtals í **152** fyrirtækjaheimsóknir, haldnar voru **9** kynningar í skólum og stofnunum og þá voru einnig nokkur heimboð þar sem samtökum og fyrirtækjum var boðið í Vatnagarða og þeim kynnt kennsluástaða og starfsemi Iðunnar. Náms- og starfsráðgjafar Iðunnar taka oft þátt í heimsóknum og kynningum af þessu tagi til þess að kynna ítarlega þá þjónustu og ráðgjöf sem stendur félagsfólki til boða.

∴ Fræðslustyrkir

Iðan fræðslusetur er hluti af Áttinni en þar eiga fyrirtæki sem greiða endurmenntunargjöld til Iðunnar, og eru í skilum, rétt á að sækja um fræðslustyrk vegna starfstengdra námskeiða. Styrkur Iðunnar til fyrirtækis vegna fræðslu, getur að hámarki orðið **20%** af greiddum iðgjöldum til Iðunnar á liðnu almanaksári. Að jafnaði nemur styrkur Iðunar **50%** af kostnaði við hverja umsókn. Umsóknir fara allar í gegnum Áttina. Allar frekari upplýsingar um fræðslustyrkina má finna á vef **Iðunnar** og **Áttarinnar**.

Alls var **151** umsókn um fræðslustyrki afgreidd á starfsárinu. Heildarupphæð styrkja var **7.600.696 kr.**

∴ Fræðslustjóri að láni

Iðan er einnig þátttakandi í verkefninu „**Fræðslustjóri að láni**“, sem er markviss leið fyrir fyrirtæki til að koma fræðslumálum í skýrari farveg. Verkefnið byggist á að lána út ráðgjafa til fyrirtækja sem fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk.

Alls voru fimm umsóknir um fræðslustjóra að láni afgreiddar á starfsárinu. Heildarupphæð styrkja var **984.820 kr.**

∴ Samstarf og stórir viðburðir

Mikil áhersla er lögð á markaðs- og kynningarstarf innan Iðunnar sem þjónar félagsfólki og íslenskum iðnaði. Iðan styður dyggilega við verkefni og viðburði sem stuðla að framþróun þekkingar í þeim iðngreinum sem hún þjónar.

∴ Verkin tala

Markmið verkefnisins „**Verkin tala**“ er að efla kynningu á iðn- og verknámi í samstarfi við grunn- og framhaldsskóla. Iðan fræðslusetur heldur utan um verkefnið og er áherslan á:

- a) Að upplýsingar séu aðgengilegar, aðlaðandi, réttar og fræðandi. Sjá má upplýsingar á síðunni namogstorf.is
- b) Aðgang og samskipti við fyrirmyndir í námi og starfi – viðtöl, myndbönd og kynningar
- c) Verkefnasmiðjur fyrir þau áhugasömustu – prófa, reyna og upplifa

Í mars 2024 var haldin verkefnasmiðja hjá Iðunni þar sem nemendum úr tveimur grunnskólum bauðst að koma og reyna sig við raunveruleg viðfangsefni. Um var að ræða tvískipt verkefni; annað í bílgreinum og hitt á sviði prents og miðlunar en bæði byrjuðu á því að sérfræðingar Iðunnar voru með stutta fræðslu um sínar greinar.

Nemendur völdu fyrir fram hvoru verkefninu þau tóku þátt í út frá eigin áhugasviði.

Verkefni nemenda í bílgreinahópnum var að búa til lítinn bíl með því að beygja módelplötu, sprauta bílinn, setja í hann rafmótor, tengja

og „keyra af stað“. Hver nemandi bjó til sinn bíl og fékk til eignar að verkefni loknu. Prent- og miðlunarhópurinn hannaði og bjó til veggspjöld, heimsótti prentsmiðju og fylgdist með prentun og lokavinnslu veggspjaldsins sem nemendurnir tóku einnig með sér heim.

Nokkrir nemendur fengu það verkefni að fylgjast með vinnu annarra nemenda og taka viðtöl en með aðstoð starfsfólks Iðunnar var afraksturinn myndband sem notað verður til kynningar.

Svona verkefnasmiðja krefst mikillar undirbúningsvinnu og góðrar samvinnu við skólana en náms- og starfsráðgjafar viðkomandi skóla sáu um að kynna verkefnið og undirbúa áhugasama nemendur svo vinna þeirra yrði markviss. Skemmst er frá því að segja að verkefnasmiðjan gekk mjög vel og nemendur urðu margs vísari og áhuginn og gleðin skein úr hverju andliti.

Iðan vill leggja sitt af mörkum til að kynna iðngreinar og fræða ungt fólk um fjölbreytileika atvinnulífsins og þá möguleika sem iðnmenntun gefur.

.: Verk og vit

Stórsýningin Verk og vit var haldin dagana **18. – 21. apríl 2024** og tók lðan þátt í henni í fjórða skipti með glæsilegum bás þar sem gestum gafst færi á að kynna sér fjölbreytta þjónustu lðunnar fræðsluseturs.

Sýningin er góður vettvangur fyrir starfsfólk lðunnar til þess að ræða við iðnaðarmenn, iðnmeistara og stjórnendur verktakafyrirtækja og ná þannig beinu sambandi við okkar markhóp. Þar gefst einnig tækifæri til þess að sjá allt það nýjasta í byggingariðnaði, mannvirkjagerð og skipulagsmálum og kynna sér spennandi vörur og þjónustu.

.: Euroskills

lðan hefur frá upphafi stutt við sínar greinar sem senda þátttakendur í **Euroskills-keppnina** sem síðast fór fram í **Gdansk í Póllandi 5. – 8. september 2023**. Fulltrúar ellefu greina tóku þátt; pípulagna, grafískrar miðlunar, rafvirkj- unar, rafeindavirkjunar, iðnaðarstýringar, hársnyrtiiðnar, trésmíði, matreiðslu, framreiðslu, kjötiðnaðar og baksturs.

Leiðtogar greinanna sóttu viðburðinn, auk framkvæmdastjóra, fulltrúa úr stjórn lðunnar, verkefnastjóra **„Minnar framtíðar“** og náms- og starfsráðgjafa. Þá tóku þrír starfsmenn lðunnar þátt í miðlun keppinnar sem hluti af fjölmiðlateymi Verkiðnar.

.: Þjónusta

.: Náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat

Iðan fræðslusetur veitir margs konar þjónustu sem snýr að námi og störfum fólks. Náms- og starfsráðgjöf er boðin einstaklingum að kostnaðarlausu. Verkefni náms- og starfsráðgjafa Iðunnar eru aðallega raunfærnimat, almenn náms- og starfsráðgjöf og sérúrræði í sveinsprófum.

Á starfsárinu fóru **186** manns í raunfærnimat hjá Iðunni í **22** greinum sem er örlítill aukning frá árinu á undan. Fjöldi metinna eininga var **12.178**.

.: Sveinspróf

Iðan sér um framkvæmd sveinsprófa og veitir sveinsprófsnefndum **28 löggiltra iðngreina þjónustu** með skráningu nemenda í prófin, undirbúningi prófa og aðstoð við gerð verklagsreglna um framkvæmd prófanna. **Á tímabilinu 1. júlí 2023 – 30. júní 2024** stóðust samtals **846** nemendur sveinspróf í þeim iðngreinum sem Iðan sinnir. Iðan fræðslusetur leitast við að veita jöfn tækifæri til náms og býður upp á sérúrræði í sveinsprófum fyrir þau sem búa við fötlun eða aðra hömlun og hindranir varðandi nám. Sérúrræðin geta falist í lengri próftíma, stærra letri á prófblöðum, munnlegum prófum, upplestri á prófum eða túlka- þjónustu.



Roland Pühringer sérfræðingur frá Fronius í Austurríki fer yfir það nýjasta í TIG-tækninni á Bransadögum.



Grunnskólustúlka vinnur verkefni í grafískri miðlun



Verkefnið Blómlegur Iðnaður snýr að því að bæta umhverfi við Vatnagarða og sýna samfélagslega ábyrgð.



Fjölmíðlateymi Iðunnar og Verkiðnar á Euroskills í Gdansk.



Hildur Magnúsdóttir Eirúnaðóttir keppir á Norðurlandamóti í málaráðn.



Í verkefninu Verkin tala er grunnskólabörnum boðið í láuna, hér eru tvær stúlkur að búa til líkan af Teslu.



Andrés Björgvinsson og Óðinn Birgisson matreiðslumenn.

Finnur Gauti Vilhelmsson keppti fyrir Íslands hönd í bakaraíðn á Euroskills.



Jan Dobrowolski arkitekt sýnir handtökin við gerð hampsteypu.



Dagný Dís nemi í prentun í starfsnámi í Prentmeti Odda.

